

Borgarráð

### ***Samrunaáætlun vegna Jörundar***

Lagt er til að Jörundi ehf., kt. 450689-1659, verði slitið með samruna við Reykjavíkurborg, kt. 530269-1609, á grundvelli 105. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Jafnframt er lagt til að borgarráð veiti borgarstjóra umboð til að undirrita meðfylgjandi samrunaáætlun fyrir hönd borgarráðs.

#### **Greinargerð:**

Jörundur ehf. er einkahlutafélag sem Reykjavíkurborg hefur átt frá árinu 2007. Tilgangur félagsins er kaup og rekstur fasteigna, útleiga atvinnuhúsnæðis, verslun, lánastarfsemi og annar tengdur atvinnurekstur.

Meginstarfsemi félagsins fólst í að halda utan um uppbyggingu á fasteignunum að Lækjargötu 2 og Austurstræti 22, Reykjavík. Á árinu 2015 voru fasteignir félagsins seldar og því engin rekstur í félaginu lengur. Er því æskilegt að slíta félaginu. Samkvæmt ársreikningi Jörundar ehf. fyrir árið 2015 var hlutfé félagsins 42.000.000 kr. og var allt hlutféð í eigu Reykjavíkurborgar.

Verði tillagan samþykkt mun Reykjavíkurborg yfirtaka eignir og skuldir Jörundar ehf. á grundvelli 105. gr. laga nr. 138/1994 og fellur hlutféð niður án þess að endurgjald komi til. Eignir félagsins eru engar og skuldir félagsins, 47,5 mkr, eru við Eignasjóð Reykjavíkurborgar.

Þann 15. desember sl. undirritaði stjórn Jörundar ehf. samrunaáætlunina fyrir hönd félagsins.

Dagur B. Eggertsson